

**HAFNARFJÖRÐUR****Starfslýsing**

<b>Starfsheiti</b>	Stuðningsfulltrúi í leikskóla
<b>Starfaflokkur</b>	Stuðningsfulltrúi í skóla
<b>Svið/deild:</b>	Mennta- og lýðheilsusvið / Leikskóli
<b>Næsti yfirmaður:</b>	Leikskólastjóri
<b>Undirmenn – starfsheiti:</b>	

<b>Markmið starfs:</b>	<ul style="list-style-type: none"><li>Sinnir uppeldi og menntun barna á leikskóla undir leiðsögn og stjórn deildarstjóra og stjórnenda leikskóla.</li><li>Tekur þátt í leikskóla- og frístundastarfi innan leikskólans og öðrum þeim störfum sem fram fara innan skóladagsins.</li><li>Starfar samkvæmt lögum og reglugerð um leikskóla, öðrum lögum er við eiga, aðalnámskrá leikskóla og stefnu viðkomandi sveitarfélags.</li></ul>
<b>Ábyrgð:</b>	<ul style="list-style-type: none"><li>Tekur þátt í uppeldi og menntun barnanna eftir því skipulagi sem yfirmaður ákveður.</li></ul>

<b>Verkþættir og helstu verkefni</b>	
1.	Vinnur samkvæmt því skipulagi sem deildarstjóri og sérkennslustjóri ákveða.
2.	Starfar með börnum í leik og starfi undir stjórn deildarstjóra og sérkennslustjóra og framfylgir faglegri stefnu leikskólans
3.	Starfar með og sinnir nemendum með sértækan vanda, eða börnum með einhvers konar fötlun, röskun og /eða sérþarfir. Er til stuðnings og aðstoðar við sérfræðinga sem vinna með börnunum.
4.	Sinnir þjálfun, vinnur með félagsfærni, aðlagar námsefni og námsaðstæður í samvinnu við sérkennslustjóra
5.	Sinnir þeim verkefnum er varðar uppeldi og menntun barna sem yfirmaður felur honum.
6.	Aðstoðar börn í neysluhléum, matar- og kaffitímum, sinnir undirbúningi og frágangi.
7.	Fylgist með og aðstoðar börn í leik og starfi.
8.	Vinnur í samstarfi við foreldra/forráðamenn barnanna undir stjórn sérkennslu- eða deildarstjóra. Situr foreldrafundi sem haldnir eru á vegum leikskólans.
9.	Fylgir eftir málum sem upp koma í skólustarfinu með viðeigandi upplýsingagjöf til stjórnenda eða foreldra eftir því sem við á hverju sinni skv. verklagsreglum leikskólans.
10.	Önnur verkefni sem yfirmaður felur starfsmanni.

<b>Menntun sem krafist er í starfinu</b>	
1.	Leikskólaliða- eða stuðningsfulltrúa menntun

<b>Reynsla sem krafist er</b>	
1.	Reynsla af uppeldis- og sérkennslustörfum æskileg



**HAFNARFJÖRÐUR**

## Starfslýsing

<b>Hæfni, kunnátta, færni, viðhorf og hegðun</b>	
1.	Góða samskiptahæfni
2.	Góð íslensku kunnátta
3.	Frumkvæði í starfi og faglegur metnaður
4.	Sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð
5.	Vinna samkvæmt stefnu skólans
6.	Vinna í hópi eða teymi

<b>Vinnuástæður</b>
Starfsmaður er stuðningur við deild eða barn. Aðgengi að tölum og aðgang í Karella. Annað sem á við um hvern skóla og stuðningsbarn/börn

<b>Þátttaka í vinnuhópum, ráðum og/eða teymisvinnu</b>	
1.	Situr starfsmannafundi og aðra fundi sem yfirmaður segir til um

<b>Helstu samstarfsaðilar, innan og utan vinnustaðarins</b>	
1.	Leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri, deildarstjóri, sérkennslustjóri og annað starfsfólk
2.	Þeir sérfræðingar sem við á hverju sinni

**Rafræn undirritun starfsmanns og yfirmanns.**